



Borgarráð

Starfshópur um rafvæðingu hafna og eflingu landtenginga í höfnum Faxflóahafna

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um rafvæðingu hafna og eflingu landtenginga í höfnum Faxflóahafna eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að finna hagkvæmar leiðir að því að efla landtengingar skipa í höfnum Faxflóahafna með uppsetningu háspennutenginga.

Greinargerð:

Tilgangur verkefnisins er að draga úr staðbundinni loftmengun vegna skipaumferðar sem hefur aukist við hafnir Reykjavíkur samfara fjölgunar skipaferða og stækkandi skipum. Í Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar til 2040 sem samþykkt var árið 2016 er fjallað um rafvæðingu Faxflóahafna, þar segir: „Stefnt verði að rafvæðingu Faxflóahafna og í því skyni sóst eftir samstarfi við ríki, orkufyrirtæki og aðrar hafnir.“ Í aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum til 2030 er fjallað um að greina þann ávinning sem hlýst af fjárfestingu í háspennutengingum hafna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um rafvæðingu hafna og eflingu landtenginga í höfnum Faxflóahafna.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um rafvæðingu hafna og eflingu landtenginga í höfnum Faxflóahafna

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Finna hagkvæmar leiðir að því að efla landtengingar skipa í höfnum Faxflóahafna með uppsetningu háspennutenginga.

Tilgangur:

Að draga úr staðbundinni loftmengun vegna skipaumferðar sem hefur aukist við hafnir Reykjavíkur samfara fjölgunar skipaferða og stækkandi skipum. Í Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar til 2040 sem samþykkt var árið 2016 er fjallað um rafvæðingu Faxflóahafna, þar segir: „Stefnt verði að rafvæðingu Faxflóahafna og í því skyni sóst eftir samstarfi við ríki, orkufyrirtæki og aðrar hafnir.“ Í aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum til 2030 er fjallað um að greina þann ávinning sem hlýst af fjárfestingu í háspennutengingum hafna.

Nú þegar notast hluti fiskiskipaflotans við lágspennu- eða millispennutengingar sem settar hafa verið upp af Faxflóahöfnum. Rafvæðing hafna og háspennutengingar stærri skipa eru ekki enn fyrir hendi en kostnaðarsamt getur verið að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Ýmis álitamál eru því uppi um slíka fjárfestingu og er hópnum falið að kortleggja ávinning og kostnað slíkra fjárfestinga og gera tillögur að næstu skrefum í rafvæðingu hafna. Hópurinn skili af sér lýsingu á nauðsynlegri og skynsamlegri fjárfestingu í háspennutengingum, forsendum fyrir því að slíkum tengingum verði komið upp og hvernig rekstri þeirra skuli háttað.

Helstu verkefni:

- Skilgreina markmið með eflingu landtenginga.
- Greina þróun landtenginga hjá öðrum höfnum og útgerðaraðilum héraendis og erlendis.
- Greina lagaumhverfi orkusölu til skipa.
- Kortleggja ítarlega hvernig slíkar fjárfestingar gætu borgað sig og á hve mörgu árum.
- Skilgreina hlutverk borgar, ríkis, hafnar og orkufyrirtækja í innleiðingunni.
- Leggja fram aðgerðaráætlun um næstu skref í uppsetningu landtenginga.

Starfshópurinn skipa:

Gunnar Tryggvason, aðstoðarhafnarstjóri, formaður.

Jóhannes Þorleiksson, Veitur ohf.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn leiti ráðgjafar og samstarf við starfsfólk og stjórnendur Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna og Veitna og leiti eftir atvikum fanga víðar.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skal skila ábyrgðarmanni skýrslu og tillögum eigi síðar en 31.12.2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson.

DRÖG